

29 gera nokkuð fyrir þeirri áhættu, að ærin verði ekki lembd, þó þetta sjeu
28. febr. ekki bein vanhöld. Segjum að fyrir hirðingu, vanhöldum og áhættu sjeu áætlaðar kr. 8.00, þá ber að greiða eignarskatt af 32 kr. fyrir hverja á, eða alls fyrir ærnar af kr. 2560.00.

Með þessari aðferð er alls ekki gert það, sem kallað er í 1. spurningu skattanefndarinnar að „færa fram aldur ungvíðis um eitt ár“, heldur er með þessu reiknað út verð *eignarinnar*, eins og hún er um áramót, að óbreyttu verðlagi á *búfje* frá því í næstliðnum fardögum.

2. *Spurt er þannig*: Í 21. gr. reglugjörðarinnar tölul. 5 er svo ákveðið: „Fóðurbirgðir matar og eldsneytis skal eigi telja til skatts.“

Er hjer nokkuð um að efast, að öll hey, sem til eru um nýár og ætluð ásettum fjenaði til fóðurs, sjeu þær „Fóðurbirgðir“ sem átt er við og heyin sjeu því sömu reglum háð og matur og eldiviður sem til eru í búi um nýár, að teljast eigi til skatts.

Um þetta nægir, að því er fóðurbirgðir snertir, að vísa til svarsins undir 1., að því viðbættu, að ef búfjáreignin er talin til eignarskatts eins og hún var í fardögum, þá er alveg eðlilegt að telja ekki fóðurbirgðir um nýár þeirri eign til viðbótar.

3. *Spurt er þannig*: Telst það vera nauðsyn, að reikna fæði með hærra verði þiggjanda til tekna, heldur en veitanda til frádráttar ef veitandi sleppir úr frádrætti húsnæði, ljósi og hita. Vinna við skýrslurnar er á þennan hátt minni og síður bygt á áætluðum tölum, enda síst til tekjumissi hins opinbera.

Þar sem ekki ber að reikna fæði hjúa við landbúnað til frádráttar eða gjalda búanda með hærra verði en því, sem efnið í fæðuna kostar (sjá eyðubl. fyrir skýrslu um tekjur og gjöld af landbúnaði), virðist óhjákvæmilegt að telja það þiggjanda til tekna með hærra verði, þ. e. með því verði er fæðið kostar tilbúið og framreitt.

30
6. apríl

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til biskups, um skiftingu Aðalvíkursóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi í tvær sóknir.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 23. febr. þ. á., sem fylgdi erindi prófastsins í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, með fylgiskjölum, þar sem borin er fram ósk Staðarsafnaðar í Aðalvík, um

skiftingu sóknarinnar í tvent, Staðarsókn og Hesteyrarsókn, skal yður hjermeð til vitundar gefið að ráðuneytið samkvæmt tillögum yðar samþykkir að Aðalvíkursókn verði skift í tvær sóknir, Staðar- og Hesteyrarsóknir, þannig að Staðarsókn verði Aðalvíkin sjálf og Rekavík „bak Látur“, en í Hesteyrarsókn verði Hesteyrarfjörður, Fljót og Hornstrandir, og að fjárhagur kirknanna verði aðskilinn frá nýári 1927 og sóknarnefndir kosnar á komandi vori.

30

6. apríl

SAMÞYKT

fyrir

31

8. mars

fjelagið „Hjeraðsvatnafyrirhleðslan“.

1. gr.

Verkefni fjelagsins er að varna því með fyrirhleðslugörðum eða öðrum nauðsynlegum mannvirkjum, að Hjeraðsvötn brjóti sjer farveg út með Vindheimabrekkum sem hætt er við að valdi skemdum á jörðum fjelagsmanna.

2. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Vindheima, Borgareyjar, Stokk-hólma, Mikleyjar, Húsabakka, Markbælis, Glaumbæjar, Jaðars, Mikla-garðs, Hátúns, Halldórsstaða, Seylu, Brautarholts, Grófargils, Holtskots, Geldingarholts, Krossaness, Löngumýrar, Bakka, Valla, Vallaness, Ytra Vallholts, Syðra Vallholts, Húseyjar, Álftagerðis, Reykjarhóls, Brekku, Viðimýrar, Grænhóls, Sjávarborgar, Geitagerðis, Reynistaðar, Ögmund-arstaða, Víkur, Pyttagerðis, Holtsmúla, Stórugrafar, Litlugrafar, Páfa-staða, Kjartansstaðakots, Kjartansstaða.

Nú þykir nauðsynlegt eða rjettmætt að bæta við í fjelagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr fjelagsskapnum en næst ekki til þess samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar atvinnumálaráðherra sbr. 76. gr. vatnalaganna.

3. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 5 menn, er kosnir skulu til þriggja ára í senn, og ganga tveir úr á ári, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti.